

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 214/2012****2013/EES/18/10****frá 7. desember 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/292/EB frá 24. mars 2009 um skilyrði fyrir því að plastkassar og -vörubretti séu undanþegin ákvæðum um styrk þungmálma sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7e (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/270/EB) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„7f. **32009 D 0292**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/292/EB frá 24. mars 2009 um skilyrði fyrir því að plastkassar og -vörubretti séu undanþegin ákvæðum um styrk þungmálma sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtið. ESB L 79, 25.3.2009, bls. 44).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2009/292/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 25.3.2009, bls. 44.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.